

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Sætún I.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 6. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Sætún I á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að lóðir A og B skerðast vegna veghelgunarsvæðis fyrir nýjan Vesturlandsveg. Nýtingarhlutfall á lóðunum verður 0,42. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmasund 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi Þróttarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Hólmasund. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til austurs til að rúma tækjageymslu annars vegar og sorp- og hjólageymslu hins vegar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klettagarðar 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 7 við Klettagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er minnkaður og færður til suðvesturs og aðkoma á norðvesturhluta lóðar færast til norðausturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmaslóð 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar – Örfiriseyjar vegna lóðarinnar nr. 6 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst breyting á þakflötum í þaksvalir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. nóvember 2019.

Björn Axelsson.